

122.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar haldinn 26.september 2012 kl. 18:00 í Grunnskóla Stykkishólms

Formaður setti fund kl. 18:06

Mættir. Hrefna Frímansdóttir fulltrúi, Einar Gunnarsson fulltrúi kennara grunnskólans, Sigurður A. Þórarinsson fulltrúi, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Haukur Garðarsson fulltrúi og Elín Kristinsdóttir deildarstjóri í grunnskóla. Auður Vésteinsdóttir áheyrnarfulltrú Helgafellssveitar boðaði forföll vegna foreldrafundar á leikskóla. Ekki er búið að kjósa í foreldrafélagi GSS og því engin fulltrúi frá þeim.

Haukur Garðarsson var kosinn ritari nefndarinnar og ritaði fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Breytt skipulag á skólanefndarfundum

Formaður kynnti breytt form á skólanefndarfundum. Fyrsti fundur vetrarins er eingöngu með skólastjóra GSS, næsti fundur verður svo með skólastjóra Leikskóla og á síðasta fundi fyrir jóla koma báðir skólastjórar saman. Vonandi gerir þetta form fundina skilvirkari en í lok árs munum við endurskoða þetta form á fundunum og ákveða hvort að sami háttur verður hafður á eftir áramót.

Skólastjóri GSS tekur til máls. Leggst vel í hann að prófa að hafa þetta svona. Myndi henta honum betur að hafa þá eilítið fyrr. Ákveðið var að hafa fundartímann kl. 17:30 25.október og 22.nóvember.

2. Skýrsla skólastjóra

Skólastarfar fer vel af stað. Ráðningar gengu vel í vor. Fækkun á nemendum. Starfið komið á eðlilegt ról núna.

3. Sjálfsmat. Innra mat grunnskóla

Það dróst svolítið á langinn að vinna úr innra matinu vegna þess að beðið var lengi eftir þetta svarhlutfalli foreldra. Elín Kristinsdóttir deildarstjóri fór yfir niðurstöður og breytingar frá fyrri könnunum. Umræður um niðurstöður sem nefndarmönnum þóttu stefna í rétta átt og vera ánægjuefni.

4. Starfsáætlun – Skólahandbók

Nefndarmönnum afhent starfsáætlun sem er aðgengileg á netinu. Skólastjóri tekur fram að þetta sé rit í stöðugri þróun.

5. Heilsdagsskóli.

Skólastjóri sagði frá starfsemi heilsdagsskóla. Þar vinna þrír starfsmenn, Hafrún Brá Hafsteinsdóttir sem hefur umsjón með heilsdagsskólanum, Margrét Ebba Ísleifsdóttir og Ólafur H.Torfason. Lengd viðvera í boði fyrir 1.-4. bekkina.

Dagskrá heilsdagsskóla mun verða kynnt á heimasíðu skólans fljótlega.

6. Önnur mál

Ekki hefur verið mikið um töflubreytingar. Reiknað með að öllum töflubreytingum verði lokið eftir 1-2 vikur.

Komið hefur fram gagnrýni á íþróttatöflu og mönnum sem koma að íþróttastarfi í bænum þótti nýting skólans ekki nógu góð. Það kom í ljós að íþróttahreyfingin var ekki með rétta útgáfu til viðmiðunar. Íþróttahreyfingin er núna að vinna í því að fara yfir þessi mál.

Skólastjóri er ánægður með niðurstöðu úr innra og ytra mati. Það að skólabragurinn sé góður gerir mun auðveldara að vinna með framhaldið

Áfram verða send út föstudagsbréf. Gerist æ oftar að foreldra bregðist við bréfunum.

Stöðugt verið að skoða hvernig er best að vinna með heimanámið.

Umbótaáætlun er ekki tilbúin enn þá. Verið er að vinna í því og reiknað með að hún verði kynnt á næsta fundi með skólastjóra GSS sem verður í nóvember en skólanum er skylt að birta áætlunina opinberlega.

Umræða um stærðfræði og heimanám.

Fartölvuvagn var tekin í notkun á haustdögum og því ekki þörf á sérstakri tölvustofu heldur hægt að fara með vagninn á milli stofa. Þar af leiðandi er hægt að nýta tölvustofuna sem almenna bekkjarstofu. Eldri tölvur eru nýttar fyrir kennara.

Fundagerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),

Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, (sign),

Haukur Garðarsson, fulltrúi, (sign),

Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),

Elín Kristinsdóttir, deildarstjóri, (sign),

Einar Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi kennara grunnskólans, (sign),

Hrefna Frímannsdóttir, fulltrúi (sign).